# STJÓRNARFUNDUR BSÍ
## FUNDARGERÐ

| | | |
|---|---|---|
| **Fundarstjóri:** Matthías Imsland | **Fundur nr. :** | |
| **Fundarritari:** Matthías Imsland | **Staður:** | Síðumúli 37 |
| **Fundargestir:**<br>Brynjar Níelsson<br>Gunnar Björn Helgason (GBH)<br>Anna Guðlaug Nielsen (AGN)<br>Hrannar Erlingsson (HE)<br>Matthías Imsland (MI) | **Dagsetning:** | 16.10.2024 |
| | **Frá kl.:** | 18:00 |
| | **Til kl.:** | 19:00 |
| | **Næsti stjórnarfundur:**<br>Ákveðið síðar | |

| **Málsnr.** | **Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:** |
|---|---|
| 1 | <u>Fundargerð síðasta fundar</u><br>Fundargerð síðasta fundar samþykkt |
| 2 | <u>Kynnt drög frá meistarastiganefnd</u><br>Meistarastiganefnd hefur verið að vinna nýjar reglur varðandi meistarastig. Um er að ræða töluverða breytingar sem flestar snúa að því að aðlaga reglurnar að breyttum tíma. |
| 3 | <u>Reksturinn</u><br>Reksturinn er heldur betri en áætlað var. Auk þess sem búið er að fjárfesta í töluverðu af búnaði. Má þar nefna.<br>60 bridgemadetölvur<br>1000 spilabakkar<br>100 sagnabox sett auk áfyllinga<br>1000 spil<br>10 ný bridgeborð með screenum<br>2 ný sjónvörp í minni salinn<br>Auk þess hefur verið skipt um c.a. 30 innbyggð ljós og farið yfir í led ljós.<br>Cashflowáætlun gerir ráð fyrir að við verðum cashpostive alla mánuði fram að áramótum.<br>Gert er ráð fyrir hagnaði af rekstrinum sem nemur rúmlega 2,5 milljónir á árinu. Tekjur af styrkjum eru undir áætlun en á móti hefur rekstrarkostnaður lækkað. Eigið fé verður um 120 milljónir um áramót og skuldir engar. |
| 4 | <u>Uppfærð rekstraráætlun</u><br>Farið var yfir uppfærða rekstaráætlun fyrir 2025. Gert er ráð fyrir 68,5 milljónum í tekjur og 66,1 milljónum í gjöld. Eða hagnað sem nemur 2,4 milljónum. Svigrúm er til að mæta einhverjum áföllum á tekjuhliðinni.<br>Áætlað er því að hagnaður sé af rekstrinum þriðja árið í röð eftir mjög erfið Covid ár. |

| Málsnr. | Umræður, ákvarðanir, niðurstöður: |
|---|---|
| 5 | Haustið<br>Starfið fer misvel af stað. Íslandsmót eldri spilara í tvímenning og sveitakeppni kom ekki nægjanlega vel út. Rætt um að breyta fyrirkomulagi þannig að annað mótið verði fyrir áramót en hitt eftir áramót. Íslandsmót kvenna í tvímenning kom einnig ekki nægjanlega vel út. Tap var af þessum mótum og þarf að skoða með hvaða hætti sé hægt að efla mótin.<br>Einnig var rætt um verkefni tengt nýliðun. Töluvert af nýliðum spiluðu í sumarbridge auk þess sem góð mæting er í nýliðabridge. Hefur nýliðun að einhverju leyti skilað sér í dagspilamennsku auk miðvikudagsklúbbs en þyrfti að vera meira.<br>Rætt um hvernig væri hægt að hjálpa klúbbunum við að tengjast öllum þeim fjölda sem er að læra bridge. |
| 6 | Starfið framundan<br>Um næstu helgi er 1.deild spiluð. 2. deildin er svo spiluð 23-24.nóv og væri gaman að ná góðri mætingu. |
| 7 | Önnur mál<br>Ekki voru önnur mál |